

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Oddspartur, Loki, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 9. apríl 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Oddspart. Fyrir er veitingastaður og tvennar gistihvelfingar (kúluhús) til útleigu innan skikans. Áform eru um áframhaldandi uppbyggingu innan svæðisins, þá allt að 15 gistihvelfingar (kúluhús) og tvö þjónustuhús ásamt stækkun núverandi húsnæðis veitingastaðar og íbúðarhúss. Einnig er gert ráð fyrir 5 stærri húsum til útleigu fyrir gesti. Gert er ráð fyrir gistiplássi fyrir allt að 70 gesti. Aðkoma er af Ásvegi. Tillagan var endurauglýst. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 4. september 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 19. september 2025